

Mánudaginn 19. janúar 1970.

Nr. 209/1969. **Engilbert Jónasson**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Ísfélagi Vestmannaeyja h/f

(Sveinn Snorrason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Greiðsla verkkaups.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Malmquist, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1969 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 10.631.00 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 1.017.00 frá 2. desember 1967 til 17. desember 1967, af kr. 5.734.00 frá þeim degi til 24. desember 1967, af kr. 7.649.00 frá þeim degi til 14. janúar 1968 og af kr. 10.631.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hækkaði fyrir héraðsdómi hinn 28. febrúar 1969 með samþykki stefnda kröfu sína í kr. 10.631.00, þar sem hann taldi innstæðu sína nema þeirri fjárhæð.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups á áfrýjandi réttarkröfu til þess, að stefndi greiði honum verkkaup hans í gjaldgengum peningum, þ. e. reiðufé. En nú hefur stefndi lagt verkkaup það, sem í málinu greinir, inn á sparisjóðsbók áfrýjanda, nr. 22838, við Útibú Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum, og áfrýjandi, sem hefur sparisjóðsbókina í vörzlum sínum, hefur eigi veitt stefnda færi á að taka féð aftur úr bankanum, og verður því, eins og málavöxtum er háttað, að sýkna stefnda að svo stöddu af kröfum áfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Ísfélag Vestmannaeyja h/f, á að vera sýkn að svo stöddu af kröfum áfrýjanda, Engilberts Jónssonar, í málinu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 17. október 1969.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 13. október s.l., hefur Engilbert Jónasson verkamaður, Bárustíg 9, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja með stefnu, útgefinni 16. janúar 1968, birtri sama dag, á hendur Ísfélagi Vestmannaeyja h/f til heimtu á vangoldnu kaupi, kr. 1.017.00, í gjaldgengum peningum auk 8% ársvaxta frá 2. desember 1967 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dómnum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnandi höfðaði framhaldssök í málinu með stefnu, útgefinni 29. janúar 1968, birtri 30. janúar, til heimtu í gjaldgengum peningum á vangoldnu kaupi fyrir vikurnar 10. desember 1967 til og með 14. janúar 1968, kr. 7.851.00, með 8% ársvöxtum af kr. 4.717.00 frá 17. desember 1967 til 24. desember 1967, af kr. 6.632.00 frá þeim degi til 14. janúar 1968 og af kr. 7.851.00 frá þeim degi til greiðsludags auk fullra málfærslulauna í framhaldssökinni, svo sem krafizt er í aðalsökinni.

Undir rekstri málsins breytti stefnandi kröfum sínum með samþykki stefnda, þannig að lokakröfurnar urðu, að stefnda yrði gert að greiða stefnanda kr. 10.631.00, með 8% ársvöxtum frá 2. desember 1967 til 17. desember s. á. af kr. 1.017.00, af kr. 5.734.00 frá þeim degi til 14. janúar 1968 og af kr. 10.631.00 frá þeim degi til greiðsludags, í gjaldgengum peningum auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dómnum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, bæði í aðalsök og framhaldssök, og honum verði gert að greiða stefnda hæfilegan málskostnað að mati dómsins, hvernig svo sem málið fari.

Stefnandi kveður mál þetta höfðað til þess að fá úr því skorið, hvort atvinnuveitanda sé eigi skylt, svo sem ákveðið sé í 1. gr. laga nr. 28 frá 19. maí 1930, að greiða verkkaup í gjaldgengum peningum. Ljóst megi vera, að með því að greiða fjárhæð kaupsins inn á sparisjóðsreikning, þótt á nafni mannsins sé, sé verið að brjóta fortakslaut lagaboð, að kaup skuli greitt í gjaldgengum peningum. Lögleg greiðsla á umkröfðu verkkaupi í máli þessu hafi ekki farið fram og alfarið heimildarlaust að leggja verkkaupið inn á sparisjóðsbók stefnanda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt samkomu- lagi, sem stefndi meðal annarra hafi gert við verkalýðsfélagið hér í bæ, sem stefnandi er formaður í, þá hafi stefnanda sem öðrum starfsmönnum verið afhent sparisjóðsbók við Útvegsbankann hér í bæ, sem laun hans skyldu lögð inn á, og hafi hin umstefnda fjárhæð verið lögð inn á þessa bók, en stefnandi hafi neitað að taka við kvittun frá bankanum fyrir innlegginu, neitaði enn fremur að afhenda bókina, sem sé nauðsynlegt að hafa í höndum til að ná fénu úr bankanum, og stefnandi hafi þess utan ekki sinnt tilboði um, að honum yrðu greidd laun í peningum á skrifstofu stefnda, ef hann afhenti bókina, svo að unnt væri að taka féð úr bókinni. Málshöfðun sé því tilhæfulaus, þar sem stefnanda hafi verið boðin greiðsla í peningum, svo sem hann krefjist, gegn því, að hann afhenti sparisjóðsbókina. Auk þess telur stefnandi, að innlegg í sparisjóðsbók sé ófullnægjandi greiðsla á kaupi.

Í máli þessu er eigi deilt um fjárhæðir, heldur um það, hvort heimilt sé að greiða verkkaup með innleggi á sparisjóðsbók.

Vorið 1967 boðuðu nokkrir atvinnurekendur fulltrúa verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum á sinn fund. Á þeim fundi var rætt um það fyrirkomulag á útborgun verkkaups, sem hér er til umræðu. Það verður að teljast eðlilegt, að forráðamenn fyrirtækjanna skyldu boða til sín fulltrúa verkalýðsfélaganna til þess að kynna þeim hið nýja fyrirkomulag, en á engan hátt verður séð, að þeir þar með hafi samþykkt að hlíta því, að verkalýðsfélögin segðu slíku samkomulagi upp og krefðust þess, að hið fyrra fyrirkomulag yrði tekið upp á ný. Í málinu liggur og ekkert fyrir um það, að neinn samningur hafi verið gerður á fundinum, aðeins það, að verkalýðsfélögin lofuðu að láta greiðslufyrirkomulag þetta afskiptalaust til bráðabirgða.

Samningur Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja og Verkalýðs- félags Vestmannaeyja um kaup og kjör verkamanna, sem lagður

hefur verið fram í máli þessu, segir ekkert um, hvar kaup skuli greiðast. Samkvæmt þeim samningi virðist því ekkert vera því til fyrirstöðu að færa greiðslustað kaupsins til, þó þannig, að útborgun fari ávallt fram í vinnutíma, eins og tekið er fram í samningum.

Hagræði stefnda er augljóst af því að greiða kaup í gegnum banka, enda kom það fram hjá prókúruhafa stefnda, Ísfélagi Vestmannaeyja, er hann mætti fyrir rétti í máli þessu, að vinnusparnaður væri að þurfa eigi fyrst að sækja fé í banka og telja það síðan í umslög. Auk þess yrði að geyma háa fjárhæð yfir nótt á skrifstofu fyrirtækisins, ef laun voru greidd á staðnum í reiðufé.

Það er og alkunnugt, að undanfarið hefur það farið mjög í vöxt hjá ýmsum stærri fyrirtækjum að greiða kaup inn á reikning viðkomandi launþega við banka eða sparisjóð. Sparar þetta mjög mikla vinnu, eykur öryggi og flýtir fyrir.

Í málinu hafa verið lagðar fram útskriftir úr fundargerðabókum verkalýðsfélaganna, þar sem óánægju er lýst með hátt þann, sem hafður er á kaupgreiðslu, og bent á þau óþægindi fyrir verkafólk að þurfa að nálgast laun sín í afgreiðslu bankans.

Rétturinn fær eigi séð, að það séu það mikil óþægindi fyrir verkafólk að fara að tilmælum atvinnufyrirtækisins og sækja laun sín í vinnutíma í bankann, að greiðslufyrirkomulagi þessu beri að hafna á þeim forsendum. Það hefur komið fram í málinu, að verkafólki er heimilt að vitja kaups síns í vinnutíma.

Bankaútibússtjóri Útvegsbanka Íslands, Vestmannaeyjum, kom fyrir rétt. Hann taldi, að aldrei hefði verið nein fyrirstaða af hálfu bankans fyrir því, að viðkomandi tæki út inneign sína strax eftir innleggið.

Í málinu var lagt fram ljósrit af reglum um innlán í Útvegsbankanum. Þar segir meðal annars, að bankinn áskilji sér rétt til að krefjast þess, að upphæðum yfir 3.000.00, sem vextir séu greiddir af, verði sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara. Án tveggja mánaða uppsagnarfrests sé bankinn eigi skyldur til að greiða meir en kr. 5.000.00 á mánuði úr sömu bók. Samkvæmt því, sem komið hefur fram í málinu, eru reglur þessar eigi „praktiskar“, auk þess er eigi tíðkað að greiða vexti af fé, sem aðeins stendur inni í einn dag.

Af öllu því, sem hér hefur verið rakið, verður ekki séð, að neitt sé því til fyrirsæðu, að stefndi greiði stefnanda verkkaup hans með því að afhenda kvittun fyrir innleggi í sparisjóðsbók, enda

virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að stefnandi fari í vinnutíma sínum á kaupum til að hefja féð úr sparisjóðsbókinni, og þar með fá í hendur kaup sitt í gjaldgengum peningum, eins og 1. gr. laga um greiðslu verkkaups nr. 28/1930 segir, en hér er engan veginn verið að höggva á þann rétt, sem þau lög vernda.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að þar sem stefndi hefur lagt fram innleggskvittanir frá Útvegsbanka Íslands, Vestmannaeyjum, fyrir hinni umstefndu kröfu, þá skal stefndi sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Ísfélag Vestmannaeyja h/f, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Engilberts Jónassonar.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 19. janúar 1970.

Nr. 242/1969. **Jóhanna Sæmundsdóttir**

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Lögbann. Bætur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Snorri Árnason setudómari og samdómsmennirnir Lýður Guðmundsson bóndi og Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl., b., laga nr. 57/1962. Kæran var afhent héraðsdómara innan lögboðins kærufrests. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 17. desember 1969. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómi, sem upp var kveðinn á aukadómþingi Skafthafellssýslu hinn 22. nóvember 1969, verði hrundið og varnaraðilja gert að greiða kærumálskostnað.